

Fundur Fagráðs ÞÍH 17. Október 2019

Mætt: Óskar S. Reykdalsson, Örn Ragnarsson, Bjarnheiður Böðvarsdóttir, Sveinbjörg S. Ólafsdóttir, Hulda Gestsdóttir, Pétur Heimisson, Sigríður Sía Jónsdóttir, Oddur Steinarsson, Ragnar Pétur Ólafsson Emil L. Sigurðsson sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuð: Súsanna Björg Ástvaldsdóttir.

Formaður setur fund kl. 14.00

1. Verkefni ÞÍH

Farið stuttlega yfir þau verkefni sem ÞÍH er að vinna að, m.a. börn sem aðstandendur, gerð lyfjalista, stramaverkefni ofl. Varðandi Stramaverkefnið (skynsamlegar ávísanir á sýklalyf) kom fram að á Egilsstöðum hefði verið útbúið talsvert af fræðsluefni um sýkingar meðal barna og notkun sýklalyfja. Pétur Heimisson greindi frá þessu og mun senda þessar upplýsingar til ÞÍH.

Rætt var um hvaða fagstéttir væru æskilegar sem næstu starfskraftar ÞÍH. Almennt var samhljómur um að næringarfræðingur, aðferðarfræðingur og svo flakkarar yrðu þær stöður sem auglýst yrði eftir. Fundarmenn hvattir til að kynna flakkarastöðurnar hjá sínum heilbrigðisstofnunum.

Rætt var um vottorðagerð og vaktþjónustu og m.a. töldu fleiri en einn að það hefði truflandi áhrif á starfsanda að lækna fengu greitt fyrir vottorð sem jafnvel þeir í sumum tilvikum ekki gerðu, heldur aðrir starfsmenn. Pétur Heimisson taldi að það væri orðið löngu tímabært að fjarlægja vottorðagreiðslukafla úr kjarasamningum lækna og annarra fagstétta ef um slíkt væri að ræða. Taldi hann að sínu mati koma til greina að ÞÍH hefði skoðun á slíku, enda gæti það að vottorð væru með kjarasamningum stéttbundin verk geta truflað eðlilega þróun starfa og verkaskiptingar í heilsugæslu.

2. Landsbyggðin

Formaður gerði grein fyrir heimsókn aðila frá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða til ÞÍH. Jafnframt kynnt áform um að starfsmenn ÞÍH myndu á næstu mánuðum heimsækja heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni og ennfremur efla tengslin við sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðvar. Fjallað var um vísindarannsóknir og rannsóknarfátækt. Bent var á að í ýmsum héruðum landsins væri meðalaldur lækna orðin nokkuð hár og að ekki yrði hægt að halda kerfinu óbreyttu. Einiinningshéruð yrðu ekki í boði í framtíðinni. Rætt var um mögulegt hlutverk ÞÍH varðandi þróun heilsugæslu á landsbyggðinni.

Rætt var um Geðheilsuteymi og ljóst að þau eru mislangt komin hvað varðar mönnun og aðstöðu.

3. Önnur mál.

- a) Rætt var um að oft væri erfitt að greina á milli hlutverks starfsmanna ÞÍH sem jafnframt starfa hjá HH og dæmi nefnd þar um. Forstöðumaður skýrði út þau dæmi sem nefnd voru. Bent var á þá staðreynd að stór hluti starfsmanna ÞÍH er einnig í hlutastöðum við HH.
- b) Héraðslækningar sem undirsérgrein við heimilislækningar. Örn Ragnarsson reyfaði það mál. Búið er að gera marklýsingu og var hún send Mat- og hæfisnefnd í desember 2018. Nefndin hefur hins vegar ekki enn samþykkt marklýsinguna. Vorið 2018 höfðu aðilar frá HSN, HA, SAK og HSA fundað og lagt til að náminu yrði stýrt á vegum HSN. Með tilkomu ÞÍH hafa forsendur breyst og fundarmenn sammála að eðlilegt væri að þessir aðilar myndu endurmeta fyrri niðurstöðu og jafnframt þrýsta á afgangi á marklýsingur frá Mat- og hæfisnefnd. Rætt var um að sennilega væri það góður kostur að kennslustjóri náms í héraðslækningum yrði staðsettur úti á landi en að námið hefði aðl heimahöfn hjá ÞÍH.

Stefnt að næsta fundi Fagráðs í febrúar 2020.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16.30.